

Pældu ekki í þíku minni

Eins og öllum, ungum og öldnum, er ljóst, ríður á að frelsa konur í ríkara mæli en áður hefur verið gert. Stundum mætti reyndar halda, að helsi kvenna aukist með auknu frelsi.

En það verður ekki undan því vikist, að karlar séu umvörpum illa innrættir og hugsí ljótt. Karlar telja konur t.d. vera kynverur. Aukin heldur er kynofbeldi snar þáttur í fari karlpeningsins. Aumingjans konurnar fá ekki rönd við reist vegna geislandi greddu karlkynsins.

Íslenski kynjafræðingurinn, Þorsteinn Einarsson, telur konur kúgaðar á vöktum. Þriðja vaktin er áberandi hryllilegust. Þorsteinn hefur skrifað um þetta bók, sem ég hvet karla til að kynna sér. Hann hlaut á sínum tíma opinberan styrk til að stuðla að vitundarvakningu um eittraða karlmennsku. En betur má, ef duga skal.

Það hlýtur að gefa auga leið, að gredda karla skapi konum óöryggi, jafnvel þótt það varði við lög, skynji kona kynfýsn í fari karlmanns. Og það er alkunna og réttarregla, að konum skuli trúa. En það er ekki nóg að gert.

Því skora ég á kynbræður, klára, kvára og kirli, að leiða ekki hugann að kynfærum kvenna og kaupa splunkunýtt frelsunarbarmmerki þeirra, sem á stendur: „Pældu ekki í þíku minni“ (Don't think about my vagina). Vonir standa til að safna megi 34 milljónum Bandaríkjadala til styrkja öryggistilfinningu þeirra og vist í eigin líkama. Það er svo sannarlega kominn tími til að reita af sér fjaðrir forréttindanna.

Aðgerðasinninn, Lia Van Elk, er gagnorður: „Ég kæri mig ekki um, að hinn og þessi þjakkur leiði hugann að þíku minni. ... Það er niðurlægjandi.“ Myllumerki herfararinnar fyrir hreinni kynhugsun karlmanna er: „No Va.“

Hreyfing Lia er í örum vexti og nýtur m.a. stuðnings Sheila Rothman, fulltrúa kvenfrelsunarherfararinnar, „Hún-í-þágu-hennar“ (SheForShe). Sheila tekur undir með Lia: „Hugarórar karla eiga ekki að snúast um þíku mína. No Va eykur árveki mína gagnvart karlbundinni [kyn]rándýrslegri hugsun.“

Vafalaust vaknar líka hreyfingin: „Hann-í-þágu-hennar“ (HeForShe). Það væri betur. Það má alla vega hugga sig við, að frelsun kvenna og dætra þeirra sé eitt af Sjálfbærnimarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og íslensku ríkisstjórnarinnar.

Það gefur að skilja, að ekkert gott leiði af klofklúrum hugleiðingum karla. Jafnréttisstofa beinir líka þeim tilmælum til fólks að hugsa góðar hugsanir. Hún hefur

löngum reynst hollráð. Karlar ættu eindregið að fara að þeim tilmælum. Annars er hætt við að hugsanalögreglan grípi til sinna ráða, þ.e. afbrotavarnadeildin, sem Jón Gunnarsson svo kallar.

Það er löngu orðið tímabært að reisa skorður við kynofbeldislegri líffærahugsun karla. Kvenfrelsarar hafa bent á þessa ósvinnu allar götur frá áttunda áratugi síðustu aldar, þegar kastljósinu var í alvöru beint að þessum þætti í kúgun kvenna. Laura Mulvey færði t.d. rök fyrir því, að auga upptökuvélarinnar í kvikmyndaiðnaði hlutgerði konur í augliti karlsins.

Lynn Davies, prófessor í kvennafræðum við háskólann í Buffalo, spurði: „Hví ætti ekki að skilja hugaróra karla með skírskotun til sama reðurmiðaða hagumhverfis (phallogentric economy) og konuna [sjálfa] í reðurmiðuðu rými.“ Svo sannarlega tímabær spurning.

Það er þó sá galli á gjöf Njarðar, að lespur gætu átt við hugarangur að stríða í þessu sambandi. Sheri Wells, segir t.d.:

„Það bera brýna nauðsyn til að hrifsa þíkuna undan stjórn karlanna. Og má þá einu gilda, hvort konur hafi fæðst með eina slíka eða ekki. Það væri að mínu skapi, ef kynskiptakonur tæku heilshugar þátt.“ En „[þ]ví miður er það svo, að margar þeirra verða áhugalitlar um þíkur makans (partner) tiltölulega snemma í sambandinu. Áskorunin er [reyndar] stundum sú að minna bólfélagann á, að þíkan sé þarna. Svo málið er [að sönnu] snúið.“

Hamingjusamlega eru konur óþreytandi í þeirri viðleitni að vekja karla til umhugsunar um kúgandi hugsun og hátterni í garð kvenkynsins. Það á t.d. við um leikritahöfundinn, Carolina Bianchi. Aðalleikarinn í kvenfrelsunarverki hennar lætur svæfa sig á sviðinu. Síðar koma konur með búksjá (speculum), stinga henni upp í leggöng hinnar svæfðu og skoða þannig táknrænt ummerki um nauðgun hennar. Verkið verður sviðsett í Melbourne bráðum.

Það fylgir sögunni, að nú deila lögfræðingar um, hvort kona geti misþyrmt sjálfri sér kynferðislega með vitund og vilja, án þess að það varði við lög. Svo nú liggur á að tryggja sér miða á sýninguna. Það mætti vissulega líka fara þess á leit við Íslandsdeild „Kvennastofnunar“ Sameinuðu þjóðanna að fá hana til Íslands.

Höfundur greinarinnar, Janice Fiamengo, hefur brugðið á leik, því það er fyrsti apríl í dag. En, en! Önnur frásagnanna er römm alvara. En hvor?

Hvernig sem því líður er enn í gildi heróp Kvennaverkfallsins eða forkonu Félags hjúkrunarfræðinga: „Fokk feðraveldinu.“

https://fiamengofile.substack.com/p/women-say-dont-think-about-my-vagina?utm_source=post-email-title&publication_id=846515&post_id=143141021&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email